

Mismunun og útlendingahatur



„Dæma ætti siðmenntuð samfélög eftir framkomu þeirra við minnihlutahópa.“

Mahatma Gandhi

Hvað er mismunun?

Almenna skilgreiningu á orðinu „mismunun“ er hvorki að finna í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna né öðrum alþjóðasamningum, enda þótt oft sé vísað til þess. Í alþjóðlegum og staðbundnum mannréttindasamningum þar sem fjallað er um tiltekna tegundir mismununar og misréttis eru skilgreiningarnar ólíkar eftir því hvers eðlis mismununin er.

Í Alþjóðasamningnum um afnám alls kynþáttamisréttis er „kynþáttamisrétti“ skilgreint sem „hvers kyns aðgreining, útilokun, takmörkun sem byggð er á kynþætti, litarhætti, ætterni eða þjóðlegum uppruna og hefur það markmið eða áhrif að koma í veg fyrir eða hindra að menn fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrlsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði, á jafnréttisgrundvelli.“

Í Alþjóðasamningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum er „mismunun gagnvart konum“ skilgreind sem „hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrlsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.“

Eftirfarandi atriði koma fram í báðum þessum skilgreiningum:

Tilfni mismununar er til dæmis byggt á „kynþætti“, kynferði eða þjóðlegum uppruna þess einstaklings eða hóps sem mismunað er – hún er svört, hún er kona, hann er Rómamaður. Einstaklingurinn eða hópurinn sem beitir mismunun lítur á framangreinda eiginleika sem vandamál. Tiltekna aðgerðir eru skilgreindar sem mismunun; þetta getur verið höfnun (að

Tengd verkefni

- Aðgengi að lyfjum, bls. 75.
- Sýndu það!, bld. 235.
- Öll jöfn – öll ólík, bls. 260
- Má ég koma inn?, bls. 170.
- Mismunandi laun, bls. 180.
- Eigum við annarra kosta vól?, bls. 106.
- Kvenhetjur og karlhetjur, bls. 145.
- Hvað með kynlífið?, bls. 128.
- Leiðin til „Jafnréttislands“, bls. 151.
- Myndaleikir, bls. 188.
- Viðbrögð gegn kynþáttafordómum, bls. 248.
- Sjáðu hvað þú getur, bls. 213!
- Íþróttir fyrir alla, bls. 142.
- Taktu skref áfram, bls. 237.
- Tungumálaerfiðleikar, bls. 242.
- Hverjir eru ég?, bls. 139.
- Vinna og börn, bls. 253.

„Ég hef helgað líf mitt þessari baráttu Afríkubúa, ég hef barist gegn yfirráðum hvítra og ég hef barist gegn yfirráðum svartra. Ég hef hlúð að hugsjóninni um lýðræðislegt og frjálst þjóðfélag þar sem allir menn búa saman í sátt og samlyndi og hafa sömu tækifæri. Þetta er hugsjón sem ég vil lifa fyrir og sjá verða að veruleika. En ef þörf krefur er þetta hugsjón sem ég er fús að deyja fyrir.“

Nelson Mandela

vilja ekki eiga þeldökkan einstakling að vini), takmörkun (að banna samkynhneigðum aðgang að skemmtistað), útilokun einstaklings eða hóps fólks (að ráða ekki konur til starfa) o.s.frv. Mismunun getur einnig verið afleiðing tiltekinna aðgerða. Allt þetta kann að koma í veg fyrir að þolandinn nýti og/eða njóti mannréttinda sinna og grundvallarfrelsis.

Hægt er að beita mismunun með beinum eða óbeinum hætti. Bein mismunun einkennist af þeirri fyrirætlun að mismuna einstaklingi eða hópi, svo sem þegar atvinnumiðlun hafnar atvinnuumsóknnum frá Rómafólki eða húsaleigufélag leigir ekki innflytjendum íbúðir. „Bein mismunun á sér stað þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar fær, hefur fengið eða myndi fá við sambærilegar aðstæður – á grundvelli kynþáttar eða þjóðlegs uppruna.“⁸

Óbein mismunun er afleiðing stefnu eða aðgerða. Hún á sér stað þegar að því er virðist hlutlaust ákvæði, viðmið eða framkvæmd er í raun einstaklingi eða einstaklingum í tilteknum minnihlutahópi í óhag, samanborið við aðra. Þetta getur verið allt frá skilyrðum um lágmarkshæð slökkviliðsmanna (sem kann að útiloka fleiri kven- en karlumsækjendur um starfið), til stórverslana sem ráða ekki fólk í síðum kuflum eða opinberrar stofnunar eða skólareglu sem neitar fólki sem hylur höfuð sitt um aðgang. Slíkar reglur, sem virðast hlutlausar gagnvart þjóðaruppruna eða trú, geta í raun mismunað fólki í tilteknum minnihluta- eða trúarhópum sem klæðist síðum kuflum eða gengur með höfuðslæður.



Hefur þér einhvern tímann þótt þér mismunað á óréttlátan hátt?

Bannað er að mismuna einstaklingum og samfélagshópum á grundvelli kynþáttar, trúarbragða, kynferðis, þjóðaruppruna, ætternis, þjóðernis eða kynhneigðar í flestum mannréttindasáttmálum og löggjöf flestra landa.

Engu að síður hefur minnihlutahópum löngum verið mismunað, hvort sem er vegna þjóðernis eða af trúarlegum, menningarlegum eða félagslegum ástæðum.

Mismunun í starfi

„Starfsmaður Ikea í Frakklandi hefur verið dæmdur til að greiða sekt að upphæð 4.572 evrur fyrir að koma þeim skilaboðum áleiðis til stjórnenda fyrirtækisins að ráða ekki „þeldökkt fólk“ til starfa. Konunni sem hlaut þennan dóm, og Ikea í Frakklandi, er gert að greiða skaðabætur að upphæð 15.240 evrur í kjölfar kærunnar sem lögð var fram af fjórum stéttarfélögum ásamt samtökunum „SOS Racisme“ og „Mouvement contre le Racisme et pour l'Amitié entre les Peuples“. Viðkomandi starfsmaður hafði skrifað og sent tölvupóst þar sem mælt var til þess að „þeldökkt fólk“ yrði ekki ráðið til að hafa umsjón með dreifingu á kynningarbæklingum.“ *Fréttatilkynning EFE, apríl 2001.*

Neikvæðar afleiðingar víðtækrar mismununar, augljósrar sem falinnar, hafa orðið til þess að í sumum samfélögum hafa verið teknir upp starfshættir þar sem beitt er jákvæðri mismunun. Með jákvæðri mismunun er tilteknum hópi eða hópum veittur forgangur af ásettu ráði, svo sem konum, fötluðum einstaklingum eða tilteknum þjóðernishópum. Megintilgangurinn með slíkri stefnu er að sigrast á þeirri skipulegu mismunun sem beinist gegn tilteknum samfélagshópum, yfirleitt minnihlutahópum, og koma á jafnri þátttöku allra.

Jafnrétti á vegum Mannréttindadómstóls Evrópu

Í júní 2000 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins samningsviðauka nr. 12 við Mannréttindasáttmála Evrópu og þar með urðu ákvæði sáttmálans um mismunun víðtækari en áður.

Fjallað er um jafnrétti í 14. grein og þar er aðeins kveðið á um að ekki megi mismuna neinum varðandi þau réttindi sem felast nú þegar í samningnum. Samningsviðauki nr. 12 er stórt skref fram á við því að þar er almennt ákvæði um jafnrétti sem heimilar frekari aðgerðir gegn kynþáttafordómum og mismunum.

Útlendingahatur

Í Oxford English Dictionary er orðið „xenophobia“ (útlendingahatur) skilgreint sem „sjúkleg hræðsla við útlendinga eða framandi lönd“. Með öðrum orðum merkir það andúð á aðkomumönnum eða útlendingum.

Útlendingahatur er tilfinning eða skilningur sem byggist á félagslegri ímynd eða hugmyndum en ekki á vitsmunalegum eða hlutlægum staðreyndum.

Með slíkum skilningi á heiminum eru flókin félagsleg og menningarleg fyrirbæri einfölduð þannig að hlutirnir eru annaðhvort góðir eða slæmir.

„Við“ (heimamenn) = fyrirmyndin, hinir góðu og eðlilegu, allir eiga að vera eins og við, hugsa eins og líða eins – andspænis „þeim“ (hinum ókunnugu) = afbrotamenn, ógnun, truflun, umrenningar, ofbeldismenn, þjófar, innrásarmenn, o.s.frv. „Við“ (heimamenn) erum hinir góðu, andspænis „þeim“ (hinum), þeim vondu. Ljóst er að sá skilningur sem við höfum á sjálfum okkur og öðrum er gildishlaðinn, svo sem:

„Við“ = jákvætt og „þeir“ = neikvætt.

Til að skapa okkur sjálfsmýnd sem einstaklingar eða aðilar að hópi, þjóðernishópi, þjóð o.s.frv. þurfum við að vera meðvituð um fjölbreytileika samfélagsins og hvað það er sem skilur okkur frá öðrum, sem er í sjálfu sér ekki neikvætt svo framarlega sem ekki er litið á fjölbreytileika sem ógnun, hann sé viðurkenndur og ekki notaður í pólitískum tilgangi. Líta skal á „hina“ fyrst og fremst sem bræður okkur og systur, sem manneskjur en ekki sem útlendinga, óvini eða keppinauta.

Hafa skal í huga að í Austur-Evrópu beinist útlendingahatur fyrst og fremst að fólki í minna hlutahópum en í mörgum Vestur-Evrópulöndum beinist það frekar að innflytjendum og flóttamönnum, einnig þeim sem koma frá löndum Austur-Evrópu.



Manstu eftir nýlegu dæmi um útlendingahatur hér á landi?

Enda þótt óttinn við ókunnuga – útlendingahatur – sé ólíðandi út frá siðferðislegu sjónarmiði og brjóti í bága við það sem kalla má mannréttindamenningu er hann ekki ólögmætur og því ekki refsiverður samkvæmt lögum. Þar af leiðandi er það aðeins þegar útlendingahatur er látið í ljós (sem getur átt rætur að rekja til haturfullrar afstöðu og getur komið fram bæði í andlegu og líkamlegu ofbeldi, svo sem með árásum, mismunum á vinnustað, niðrandi ummælum eða svívirðingum, þjóðernishreinsunum, þjóðarmorðum o.s.frv.) sem hægt er að grípa til refsiaðgerða og þá aðeins að til séu lög sem kveða á um að slíkt atferli sé glæpsamlegt.

Kynþáttafordómar

Hægt er að skilgreina kynþáttafordóma á ýmsa vegu. Ein skilgreiningin gengur út á að kynþáttafordómar séu meðvituð eða ómeðvituð sannfæring um að einn kynþáttur sé í eðli sínu öðrum æðri. Í þessari skilgreiningu felst í fyrsta lagi að „æðri“ kynþátturinn eigi rétt á að beita valdi og hafa yfirráð yfir þeim sem talinn er „óæðri“; og í öðru lagi að kynþáttafordómar

Mismunun, útlendingahatur og kynþáttafordómar eru einnig útbreidd vandamál í öðrum heimshlutum: á Indlandi eru um 160 milljónir *Dalits* (lágstéttarhindúar, hinir ósnertanlegu). Í Bandaríkjunum sýna rannsóknir að kynþáttur ræður mestu um ákvörðun dauðarefsingar. Í Rúanda féll um milljón manns í valinn, nær eingöngu Tútsar, á aðeins þriggja mánaða tímabili árið 1994.

Lykildagsetning

23. ágúst

Alþjóðadagur til minningar þrælasölu og afnáms hennar

móti bæði viðhorf og hegðun einstaklinga og samfélagshópa. Vandinn er sá að í hugtakinu „kynþáttafordómar“ felst að til séu ólíkir „kynþættir“. Á síðari árum hefur verið staðfest að „kynþáttur“ er í raun félagslegt fyrirbæri og að ómögulegt sé að flokka fólk á neinn annan hátt en að það sé „manneskjur“. Kynþáttafordómar eru þar með til staðar þótt ekki séu neindir „kynþættir“.

Kynþáttafordómar eiga sér langa sögu í Evrópu. Því hefur löngum verið haldið fram að kynþættir séu öðrum „æðri“ eða „óæðri“ vegna líffræðilegs mismunar. Þróunarkenningu Darwins var beitt um manninn í því skyni að flokka hann eftir „kynþætti“. Félagslegi Darwinisminn (social Darwinism) og aðrar svipaðar kenningar „kynþáttahatara“ voru viðurkenndar víða um lönd og því náði nýlendustefnan fótfestu þegar evrópskar þjóðir lögðu aðrar þjóðir undir sig og arðrændu þær. „Byrði hvíta mannsins“ fól í sér þá „skyldu“ evrópsku nýlenduheranna að „siðmennta“ aðrar þjóðir. Þrælahald, sem einnig tíðkaðist meðal evrópskra athafnamanna og stjórnvalda fram á 19. öld, byggðist einnig á þeirri sannfæringu að þrælar væru af „óæðri kynþætti“.

Nú á dögum leggja kynþáttahatarar fremur áherslu á menningarmun en líffræðilega undirskipun. Menningartengdir kynþáttafordómar byggjast á þeirri sannfæringu að menning sé stigveldiskerfi eða að tiltekin menning, hefðir, venjur og arfleifð eigi þar ekki heima. Útlökun og mismunun gagnvart útlendingum eða minnihlutahópum er réttlætt í nafni þess sem kallað er „ósamrýmanleg menning“, trúarbrögð eða „siðmenning“.

Vald og valdbeiting er nátengd kynþáttafordómum. Kynþáttafordómar eru skilgreindir af valdhöfum og lýsa jafnframt valdatengslum gerenda og þolenda. Þolendum kynþáttafordóma finnst þeir vera valdalausir. Hleypidómar eða neikvæðar skoðanir annarra einstaklinga eða hópa (án þess að viðkomandi aðilar hafi marktæka þekkingu eða reynslu) tengjast einnig kynþáttahatri. Því má segja að kynþáttafordómar séu hleypidómar sem sýndir eru í verki með athöfnum eða framkomu þeirra sem valdið hafa og eru því í aðstöðu til að hafa slíkar athafnir í frammi gagnvart öðrum.

Kynþáttafordómar geta komið fram á ýmsum sviðum:

- *persónulegt svið*: átt er við persónuleg viðhorf, gildismat og þá skoðun að eigin „kynþáttur“ sé öðrum æðri.
- *samskiptasvið*: átt er við hegðun gagnvart öðrum sem endurspeglar þá skoðun að eigin „kynþáttur“ sé öðrum æðri.
- *stofnanasvið*: átt er við lög, venjur og hefðir sem valda kerfisbundnu kynþáttamisrétti og mismunun í þjóðfélaginu og innan stofnana og samtaka.
- *menningarsvið*: átt er við félagslega hegðun, gildi hennar og venjur sem ganga út frá eigin þjóðmenningu sem hinu eðlilega viðmiði, og dæma aðrar menningarhefðir sem óæðri.

Þau svið sem ala á kynþáttafordómum tengjast mjög innbyrðis og vinna hvert með öðru. Kynþáttafordómar geta einnig verið bæði sýnilegir og ósýnilegir. Lúmskustu og leynilegustu kynþáttafordómarnir eru ekki síður skaðlegir en sýnilegu fordómarnir.

Afleiðingar kynþáttafordóma eru skelfilegar, jafnt í ljósi sögunnar sem í samtímanum, bæði fyrir þolendur og þau samfélög þar sem slíkt óréttlæti hefur átt sér stað. Kynþáttafordómar hafa leitt til fjöldaútrýmingar, þjóðarmorða og kúgunar. Í skjóli þeirra hefur meirihluti þjóða verið ofurseldur duttlungum fámenns minnihluta sem setið hefur á auði og völdum. Enda þótt mikið hafi áunnist við ryðja slíku ranglæti úr vegi er einangrun, mismunun og aðgreining hlutskipti fólks enn þann dag í dag. Þeir sem taldir eru vera „öðruvísi“ eða „framandi“ mæta skertu ferðafrelsi, hreinum yfirgangi, niðurlægingu eða félagslegri útskúfun.

Talið er að um 12 milljónum innfæddra indíána í Norður-Ameríku hafi verið útrýmt á tímabilinu frá 1600 til 1850. Gert er ráð fyrir að tíu til tuttugu milljónir svartra Afrikubúa hafi látið lífið á því 200 ára tímabili sem þrælasala var leyfð í heiminum.

Kynþáttafordómar og ofbeldi meðal unglinga

Ofbeldi meðal unglinga sem rekja má til kynþáttahatus á sér stað í flestum löndum Evrópu. Tilkynnt hefur verið um mörg tilvik þar sem ungt og/eða fullorðið fólk hefur orðið fyrir árás, barsmíðum og hótunum, og í versta falli látið lífið, vegna þjóðernis síns, útlits, trúar, litarháttar, hár- eða jafnvel skeggvaxtar.

Ofbeldi sem má rekja til kynþáttahatus kemur einnig fram með lymiskulegri og enn útbreiddari hætti. Þar er átt við hvernig fólk er gert að blóraböggjum og því mismunað á ýmsan hátt. Einnig felst ákveðin kúgun í því að vera stöðvaður af lögreglunni vegna framandi útlits – dökks hörunds- eða hárlitar.

Alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttafordómum, mismunun, útlendingahatri og tengdu umburðarleysi (WCAR)

Þriðja alþjóðaráðstefnan um þessi málefni var haldin í Durban í Suður-Afríku 31. ágúst til 7. september 2001. Ráðstefnan setti af stað mjög mikilvæga alþjóðlega hreyfingu og vakti miklar væntingar. Hátt í 160 ríki og yfir 1500 frjáls félagasamtök sóttu ráðstefnuna. Tvö málefni voru efst á baugi: ástandið í Palestínu (þar á meðal tilraunir til að kenna sionisma við kynþáttahatur) og bætur vegna þrælasölu sem viðurkennd yrði sem glæpur gegn mannkyninu. Í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar var sett fram ályktun um þessi mál sem allflestir gátu sætt sig við:

„Við höfum áhyggjur af því að Palestína sé hernumin þjóð. Við viðurkennum óskoraðan sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt hennar til að stofna sjálfstætt ríki. Við viðurkennum einnig rétt allra ríkja á svæðinu til að lifa við öryggi, þar á meðal Ísraels, og skorum á öll ríkin að styðja friðarferlið og stuðla að skjótri niðurstöðu.“

Einnig var færð til bókar afsökunarbeiðni vegna þrælahaldsins þótt ekki væri gengið svo langt að nefna neinar bótageiðslur. Viðurkenningin á þrælasölu og þrælahaldi sem glæp gegn mannkyninu var söguleg stund fyrir þann stóra hluta mannkyns sem vill endurheimta virðingu sína.



Telur þú að stjórnvöldum þeirra landa sem nutu góðs af þrælahaldi á sínum tíma beri nú að greiða bætur?

Í tengslum við ráðstefnuna voru haldnir tveir umræðufundir áður en hún hófst, annars vegar um frjáls félagasamtök og hins vegar um málefni ungs fólks á alþjóðavísu. Æskulýðssamtökum, fulltrúum stjórnvalda og ungum sendifulltrúum innan sendinefndanna var boðin þátttaka. Um 200 ungmenni hvaðanæva að úr heiminum komu saman til að ræða lykilmálefni sem varða baráttuna gegn kynþáttamísrétti og útlendingahatri.



Hvers vegna ætti að takmarka eða banna kynþáttaáróður á Netinu?

Innflytjendur, flóttamenn og hælisleitendur

Margir innflytjendur, hælisleitendur og flóttamenn í Evrópu eiga í miklum erfiðleikum og brotið er á grundvallarréttindum þeirra daglega. Flóttamenn og hælisleitendur hafa oft neyðst til að yfirgefa heimili sitt, land og fjölskyldu til að forða sér frá stríði, ofsóknum eða algjöru öryggisleysi. Enda þótt meirihluti flóttamanna í heiminum sækji ekki um landvistarleyfi í Evrópu eru þó alltaf einhverjir einstaklingar og hópar sem gera það. Hin vaxandi eða stöðuga þjóðerniskennd og útlendingahatur, eða bara útlendingahatur stjórnmálamanna, hefur orðið til þess að

Lykildagsetning

21. mars

Alþjóðadagur til afnáms
kynþáttamísréttis

Í borginni Frankfurt (Oder), sem er á landamærum Póllands og Þýskalands, er hópur ungra þýskra snoðkolla, þ.e. nýnasista, sem ógna erlendum námsmönnum og verkamönnum og beita þá ofbeldi. Póllandsmegin, í útjaðri Frankfurt (Oder), er borg sem heitir Slubice þar sem annar hópur ungra nýnasista ofsækir útlendinga. Tilkynnt var um atvik þar sem þeir höfðu ráðist á námsmann en beðið hann afsökunar þegar þeir áttuðu sig á að hann var Spánverji. Þeir héldu að hann væri Þjóðverji.⁹

Lykildagsetningar

20. júní

Alþjóðadagur flóttamanna

18. desember

Alþjóðadagur farandfólks

stjórnvöld víða um lönd hafa tekið upp mjög strangar aðgerðir gagnvart hælisleitendum sem miða fyrst og fremst að því að þeir komist ekki inn í lögsögu þeirra.

Hælisleitendur og flóttamenn eru afar viðkvæmur hópur sem nýtur verndar samkvæmt Genfar-sáttmálanum um málefni flóttamanna frá 1951, þar sem staða þeirra er skilgreind. Í flestum Evrópu-löndum leyfa nú lög að þeir séu vistaðir á flugvöllum og landamærastöðvum, oft án þess að nokkurt tillit sé tekið til réttinda þeirra. Brottvisun ólöglegra innflytjenda, eða hælisleitenda sem er synjað um landvistarleyfi, á sér oft stað og því fylgir stundum vanvirðandi meðferð af einhverju tagi.



Hvernig fara flóttamenn að því að sækja um landvistarleyfi hér á landi? Veistu hvað þeir þurfa að gera?

Í Schengen-samkomulaginu (1990) er kveðið á um ferðafrelsi milli fjölmargra Evrópuríkja. En jafnframt því sem fyrri landamæri hafa verið afnumin hefur Evrópusambandið byggt upp önnur „landamæri“ til að vernda Evrópusvæðið.

Þróun sameiginlegrar Evrópustefnu gagnvart flóttamönnum og innflytjendum hefur oft verið kölluð „Evrópuvígð“ (fortress Europe), að sumu leyti vegna þeirrar áherslu sem lögð er á brottvisun og sérmeðferð flóttamanna, og einnig vegna þess að hún er dæmi um hvernig ótti við flutning fólks af efnahagslegum ástæðum getur blindað mönnum sýn á aðstæður og þarfir hælisleitenda.



Hvaðan koma flóttamennirnir hér á landi? Hvers vegna eru þeir á flóttu?

Margir innflytjendur neyðast til að beita ólöglegum aðferðum til að komast til Evrópu vegna hinnar ströngu og fjandsamlegu stefnu sem þar ríkir gagnvart þeim í mörgum löndum. Þeir verða oft fórnarlömb skipulegs mansals. Flestir komast aldrei til Evrópu og aðrir láta lífið á leiðinni þangað: úti fyrir Spánarströndum, í yfirgefnum skipum og bátum á Miðjarðarhafi eða í lestum og truckum þar sem þeir kafna til dauða.

Ýmsir athafnamenn og atvinnugreinar nýta sér ólöglega innflytjendur sem ódýrt vinnuafli. Örbirgð í löndum á borð við Moldavíu og Úkraínu hefur orðið til þess að margir karlmenn leita sér að vinnu í Vestur-Evrópu. Þar sem þeir eru „ólöglegir“ neyðast þeir til að vinna við ömurlegar aðstæður og fyrir afar léleg laun. Oft eru þeir kúgaðir með því að vegabréfin eru tekin af þeim eða þeim er hótad að lögreglunni verði tilkynnt um þá. Ungar konur lenda oft í svipuðum aðstæðum þegar þær eru seldar mansali til heimilisstarfa eða til að stunda vændi.

Í flestum löndum er meginhugsunin sú hvaða not megi hafa af innflytjendum. Þeim er ekki fagnað vegna þess að þeir eru manneskjur sem geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins, heldur er aðeins tekið á móti þeim og þeir viðurkenndir ef þörf er fyrir þá sem vinnuafli.



Ætti aðeins að veita fólki sem á peninga landvistarleyfi hér á landi?

Margt ungt fólk af innflytjendaættum, svokölluð önnur eða þriðja kynslóð innflytjenda, verður fyrir ýmiss konar mismunun dag hvern, sem stundum leiðir til ofbeldis, félagslegrar einangrunar og glæpsamlegs athæfis. Ein algengasta staðfestingin á duldu kynþáttamísrétti er að biðja þetta unga fólk að „velja“ á milli menningar forfeðranna, ef svo má segja, og þeirrar menningar sem ríkir í „gestgjafalandinu“. Sams konar tortryggni andspænis sjálfsmynd, hollustu og ættjarðarást á sér stað gagnvart öðrum félagslegum og þjóðernislegum minnihlutahópum.

Gyðinga- og Rómafólkshatur

Frá fornu fari hafa gyðingar og Rómafólk (sígaunar) verið þeir tveir minnihlutahópar í Evrópu sem orðið hafa fyrir mestu misrétti vegna þess að þeir hafa verið taldir öðrum „óæðri“ og staðalmynd þeirra hefur af þeim sökum orðið neikvæð.

„Gildi mannvirðingar er þunga-miðjan í starfi mínu með innflytjendum. Við hvetjum þá ungu innflytjendur sem koma til okkar til að segja jafnöldrum sínum sögu sína.“

Giulia Sanolla, ítalskur sjálfboðaliði hjá Sud (frjáls félagsamtök á Ítalíu)

Báðir þessir minnihlutahópar eiga rætur sínar að rekja til landa utan Evrópu; gyðingar eru frá því svæði sem nú spannar Ísrael og Palestínu og frá suðurströnd Svartahafs, og Rómafólkið er frá Indlandi. Báðir hóparnir flúðu land vegna ofsókna, báðir hafa verið undirokaðir af Evrópubúum í aldanna rás, báðir hafa verið sagðir öðrum óæðri, og fjölda fólks úr þessum hópum var útrýmt af nasistum í síðari heimsstyrjöldinni. Báðir þessir hópar sættu kúgun á valdatímum kommúnista í Austur-Evrópu og báðir verða þeir enn fyrir mismunun og mæta hatri og forðum þótt félagslegar aðstæður þeirra séu nú orðnar allt aðrar.



Hvað varð um gyðinga hér á landi í síðari heimsstyrjöldinni?

Gyðingahatur

Gyðingahatur má skilgreina sem „andúð á gyðingum sem trúar- eða minnihlutahópi sem oft kemur fram í félagslegri, efnahagslegri og pólitískri mismunun“¹⁰, og það hefur verið stór þáttur í sögu Evrópu allt til dagsins í dag. Gyðingahatarar hafa spunnid upp sögur um samsæri meðal gyðinga og kynt þannig undir andúð fólks af öðrum uppruna á þeim, og þeirra illræmdust er sagan um „Gerðarbækur vitringanna á Síon“ (ærumeiðandi upp-spuni sem eignir til ofbeldis gegn gyðingum og er enn í dag í umferð í sumum löndum Evrópu).

Í lok nítjándu aldar urðu gyðingahópar í Rússlandi hvað eftir annað fórnarlömb „pogroms“ sem er rússneska og merkir tortíming. Þetta voru skipulagðar og kerfisbundnar ofbeldisaðgerðir gegn gyðingasamfélögum sem heimamenn beittu, oft með þegjandi samþykki eða virkri þátttöku lögreglunnar og í krafti andgyðinglegrar stefnu stjórnvalda. Árásir á gyðingasamfélög voru einnig tíðar í öðrum Evrópulöndum, svo sem í Frakklandi og Austurríki.

Uppgangur fasismans á fyrri hluta 20. aldar leiddi enn meiri hörmungar yfir fjölda gyðinga í Evrópu og gyðingahatur varð þáttur í ríkjandi hugmyndafræði. Fasistastjórnir og -flokkar áttu líka beinan eða óbeinan þátt í helför gyðinga í Þýskalandi nasismans.

Talið er að um sex milljónum gyðinga hafi verið útrýmt kerfisbundið í helförinni sem þýsku nasistarnir og stuðningsmenn þeirra stóðu að og kallast einnig „Shoah“ (sem er hebreska og merkir eyðing), fyrir enga aðra sök en þá að vera af gyðingaættum. Helförin var hámark þess kynþáttahaturs og andgyðinglegru stefnu sem einkenndi stjórn Hitlers, en grimmdarverkin hófust hina svokölluðu „kristalsnótt“ þegar fjöldamorð voru framin um allt Þýskaland þann 9. nóvember 1938.

Eftir byltingu bolsévika var „pogroms“ gegn gyðingum aflétt í Sovétríkjunum en gyðingahatur kom þó fram á ýmsan hátt, þeir voru t.d. neyddir til að flytja búferlum, eignir þeirra voru gerðar upptækar og sýndarréttarhöld fóru fram. Í kommúnistaríkjum var gyðingahatur oft dulbúið undir opinberri stefnu anti-síonista.

Nú á dögum er gyðingahatur eins útbreitt og áður, þótt oft sé reynt að fela það. Hópar sem telja sig æðri gyðingum vanhelga grafreiti þeirra, samtök nýnasista, oft ungmennti, leynd ekki gyðingahatri sínu, og á ýmsum vefsvæðum og í ritum er nasistaáróður í hávegum hafður.

Rómafólkshatur

Rómafólkið (sem ásamt Sintifólkinu kallast ranglega sígaunar) hefur alltaf verið litið hornauga af öðrum Evrópubúum. Í aldanna rás hefur það lifað flökkulífi, fært sig á milli staða og starfað við pottaviðgerðir, handverk, tónlist og viðskipti. Alla tíð hefur verið reynt að þvinga það til að aðlagast sig aðstæðum; í nokkrum löndum hefur tungumál þessa fólks verið sett á bannlista og börnin hafa verið tekin með valdi frá foreldrum sínum. Rómafólkið hefur sætt ánauð víða um lönd, síðast í Rúmeníu, en þrælahaldi þar var aflétt árið 1856. Rómafólkið hefur aldrei átt

Lykildagsetningar

9. nóvember

Kristalsnæturinnar minnst
Alþjóðadagur gegn fasisma og
gyðingahatri.

30. apríl

Míningardagur um helförina
(Yom ha Shoah)

Lykildagsetning

8. apríl

Alþjóðadagur Rómafólksins

„Berjast skal gegn sígaunum með eldi og sverði.“

Úr spænskum lögum frá átjándu öld

neitt ríki og hefur aldrei farið í stríð við aðra. Alla tuttugustu öldina var áfram litið á það sem flökkupjóð og í ýmsum löndum voru sett lög til að þvinga það til að taka sér fasta búsetu.

Enn þann dag í dag er þessu fólki mismunað á beinan eða óbeinan hátt, það er ofsótt og óvelkomið í öllum löndum Evrópu.



Hve stór hópur Rómafólks býr hér á landi?

Þjóðarmorð þýskra nasista og fylgismanna þeirra á evrópsku Róma- og Sintífolki á árunum 1933 til 1945 kallast „porajmos“. Talið er að fjöldi fórnarlamba hafi verið á bilinu 500.000 til 2.000.000; heimildum ber ekki nákvæmlega saman um það. Þetta þjóðarmorð fækkaði Rómafólkinu um allt að 70% í síðari heimsstyrjöldinni.

Undir slagorðinu „frelsum Rómafólkið“ brutu kommúnistaríki Austur-Evrópu á bak aftur hina hefðbundnu lífshætti þessa fólks. Rómafólkið sundraðist jafnvel enn meira með tilkomu kápítalismans. Rómafólkið hefur almennt ekki menntun til að stunda háæknileg störf og hlutskipti þess er því verkamannavinna, atvinnuleysi og félagsleg útskúfun.

Nú er talið að Rómafólk í Evrópu sé á bilinu átta til tólf milljónir og það dreifist bókstaflega um alla Evrópu. Meirihlutinn hefur fasta búsetu en í nokkrum löndum Vestur-Evrópu lifa þeir enn flökkulífi, að nokkru eða öllu leyti. Á Spáni og í Portúgal hefur Rómafólkið alveg glatað tungumáli sínu (vegna þess að það var bannað þar) en í flestum öðrum löndum er tungumálið sá menningarþáttur sem sameinar það.

Hvarvetna í Evrópu er Rómafólkshatur, mismunun og andúð gagnvart Rómafólki, ríkjandi. Rómafólkið er meðal þeirra sem fyrst líða þjáningar þegar stríðsátök brjótast út, svo sem í fyrri Júgóslavíu þar sem það mætti algjöru skeytingarleysi í þeirri orrahríð sem þar fór fram.

Önnur nýleg dæmi eru um að Rómafjölskyldur hafi í raun verið sviptar eignarrétti sínum á ólöglegan hátt í svokallaðri „baráttu gegn glæpum“ (Portúgal); þessu fólki hefur verið mismunað, börnin hafa ekki notið skólagöngu, og því hefur verið synjað um félagslega grunnþjónustu (í Bretlandi og Frakklandi gildir þetta t.d. um farandhópa), og það hefur ekki notið viðurkenndra réttinda sinna. Víða um lönd hefur Rómafólkið orðið fyrir barðinu á ofbeldisfullum fasista- og rasistahópum, og þannig látið lífið; Börn þessa fólks eru stundum látin ganga í skóla með andlega vanheilum börnum. Þorp þeirra eru oft einangruð og afskipt.



Er eitthvað fjallað um Rómafólkið í dagblöðunum?

Mörg börn og ungmenni í þessum hópi alast upp í fjandsamlegu umhverfi og njóta aðeins stuðnings og viðurkenningar innan eigin samfélags eða fjölskyldu. Þeim er neitað um ýmis grundvallarmannréttindi eða njóta slíkra réttinda í takmörkuðum mæli, svo sem menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Rómafólkið er þó smám saman farið að mæta meiri skilningi og umburðarlyndi. Á heimsvísu eru Alþjóðasamtök Rómafólksins helstu málsvavar þessa fólks á pólitískum vettvangi og þau eiga fulltrúa í ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindamiðstöð Rómafólksins í Evrópu er í Búdapest og er helsta alþjóðlega stofnunin sem berst fyrir því að vekja almenna athygli á mannréttindum Rómafólksins, vernda þau og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Fólk með hömlun eða fötlun

Hömlun (disability) er ástand sem hamlar fólki í kjölfar veikinda, meiðsla eða vegna líkamlegrar fötlunar; hugtakið er einnig notað til að lýsa löglegri vanhæfni eða vanmætti.

„Fatlað fólk á rétt á því að lifa sjálfstæðu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu.“

Félagsmálasáttmáli Evrópu (endurskoðaður), 15. grein

Hugtakið „hömlun“ tekur til ýmiss konar skerðingar á líkamsstarfsemi og það er notað meðal allra þjóða í hvaða landi sem er í heiminum. Fólk getur verið með hömlun vegna líkamlegrar, andlegrar eða skynrænnar sköddunar, sjúkdómsástands eða geðrænna vandamála. Slík sköddun, ástand eða sjúkdómar geta verið af varanlegum eða tímabundnum toga.

Hugtakið „fötlun“ (handicap) merkir að engir eða takmarkaðir möguleikar séu á að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Það lýsir stöðu einstaklings með fötlun andspænis umhverfi sínu. Hugtökin hafa vissulega svipaða merkingu, en mismunandi áherslur.

? Hvernig er fötluðu fólki gert kleift að taka þátt í félagsstarfi?

Talið er að um 10% allra íbúa heims að meðaltali séu með fötlun. Af um 800 milljónum íbúa í 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins væru þá um 80 milljónir manna með fötlun. Þrátt fyrir framfarir á ýmsum sviðum á undanförunum árum stendur margt fatlað fólk í Evrópu enn frammi fyrir hindrunum sem meina því að njóta sömu tækifæra og aðrir og taka fullan þátt í samfélaginu, svo sem lítilli menntun og starfsþjálfun, miklu atvinnuleysi, litlum tekjum, hindrunum í umhverfinu, félagslegri einangrun, umburðarleysi, klisjum og staðalmyndum, beinni eða óbeinni mismunun, ofbeldi, slæmri meðferð og misnotkun.¹¹

Samkvæmt Eurobarometer-könnun, sem fram fór árið 2001, voru 97% þeirra sem talað var við þeirrar skoðunar að eitthvað þyrfti að gera til að auka þátttöku fatlaðra í samfélaginu.¹²

Lykildagsetningar

10. október

Alþjóðgeðheilbrigðisdagurinn

3. desember

Alþjóðadagur fatlaðra

Innan Evrópusambandsins eru flest samtök, sem vinna að því að auka réttindi fatlaðra, aðilar að Evrópusamtökum fatlaðra. Innan Evrópuráðsins annast aðalskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar á sviði félagsmála samræmingu aðgerða og stefnumála. Evrópusambandið lýsti því yfir að árið 2003 væri Evrópskt ár fatlaðra.

Hvað er það sem fatlað fólk vill?

„Ekkert sérstakt, alveg það sama og aðrir. Við viljum geta gengið í skólann í hverfinu sem við búum í, notað almenningsbókasafnið, farið í bíó, farið í verslunarferð í strætó niður í bæ eða heimsótt vini okkar og fjölskyldu í öðru hverfi eða í öðrum landshluta. Við viljum geta komist á kjörstað þar sem við búum til að geta kosið eins og allir aðrir á kosningadögum. Við viljum geta gengið í hjónaband. Við viljum geta verið á vinnumarkaði. Við viljum geta séð fyrir börnunum okkar. Við viljum fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu á sanngjörnu verði. Við viljum að litið sé á okkur eins og venjulegt fólk, sem hluta af samfélaginu, en ekki einhverja sem eiga að vera í felum, eru brjóstumkennanlegir og þiggja ölmusu. Adrienne Rubin Barhydt, 10. apríl 1996.¹³

Heimild: www.disrights.org

Hommahatur eða mismunun vegna kynhneigðar



Hommahatur má skilgreina sem óbeiti eða andúð á samkynhneigðu fólki, lífsstíl þess eða menningu, eða almennt á fólki með ólíka kynhneigð (ólíka því sem gengur og gerist).

Lykildagsetning

7. ágúst

Alþjóðlegur fræðslu- og réttindadagur homma og lesbía

17. maí

Alþjóðadagur gegn kynhneigðarhroka

Í skýrslu sem kynnt var fyrir Evrópuþinginu í júní 2001 og fjallaði um mismunun vegna kynhneigðar kom fram að 22% „hinsegin fólks“ sögðust hafa orðið fyrir líkamlegri misnotkun og 77% þeirra kærðu ekki þessi mál til lögreglu af ótta við viðbrögð fjölskyldu sinnar eða lögreglunnar.¹⁴

Víða um heim verða einstaklingar með ólíka kynhneigð fyrir misrétti sem getur verið allt frá háðsglósum til lífláts. Í mörgum löndum er samkynhneigð enn talin vera glæpsamleg og varðar sums staðar dauðarefsingu. Þótt ýmsar framfarir hafi átt sér stað í Evrópu með breytingum á löggjöf er enn til fjöldi fólks sem lítur á samkynhneigð sem sjúkdóm, sálrænan kvilla eða óeðlilega hegðun.

Samkynhneigð hefur ýmiss konar merkingu í hugum fólks. Nokkrar grunnskilgreiningar:

- Tvíkynhneigð manneskja laðast að einstaklingum af báðum kynjum.
- Að vera „hýr“ er hugtak sem notað er um samkynhneigða karlmenn (homma). Sums staðar er það einnig notað um samkynhneigðar konur (lesbíur).
- Samkynhneigð manneskja laðast aðeins að einstaklingum af sama kyni.
- Gagnkynhneigð manneskja laðast aðeins að einstaklingum af hinu kyninu.
- Lesbía er annað orð yfir samkynhneigðar konur, þ.e. konur sem laðast að öðrum konum.
- Fólk með kynáttunarvanda er af öðru kyni en líkamlegt kynferði þess segir til um (þ.e. karlmaður í konulíkama eða öfugt).
- „Hinsegin fólk“ er t.d. hommar, lesbíur, tvíkynhneigðir og fólk með kynáttunarvanda.

Að vera „hinsegin“ er mjög auðvelt sums staðar í Evrópu nú til dags (í stórborgum Vestur-Evrópu, þar sem ýmsir menningarkimar, barir, klúbbar og samtök hafa náð að þróast), en erfiðara á öðrum stöðum (í litlum borgum og bæjum í Vestur-Evrópu og stórum hluta Mið-Evrópu þar sem viðhorf gagnvart samkynhneigð breytast hægt), en það getur einnig verið stórhættulegt (árásir lögreglu og „venjulegs“ fólks; mismunun í lagalegu tilliti og hatusglæpir eru daglegt brauð í sumum Austur-Evrópulöndum, til dæmis Búlgaríu, Albaníu, Rúmeníu og Moldavíu).

Samkynhneigðum pörum í Evrópu er einnig mismunað í lagalegu tilliti, til dæmis hvað varðar réttinn til að stofna til hjúskapar, stofna fjölskyldu eða ættleiða börn (með öðrum orðum, þau njóta ekki sömu réttinda og gagnkynhneigð pör).



Veistu um einhverja þekktu manneskju hér á landi sem er samkynhneigð?

Bleiki þríhyrningurinn

Tugir þúsunda samkynhneigðra létu lífið í fangabúðum nasista. Bleiki þríhyrningurinn og bleiki liturinn tengist almennt réttindabaráttu samkynhneigðra og á rætur að rekja til bleika merkisins sem samkynhneigðum var skylt að bera í fangabúðum nasista vegna „kynferðislegs frávíks“.

„Í máli samkynhneigðra, kennir sagan og reynslan okkur að örin myndast ekki vegna fátæktar né vanmáttar, heldur vegna ósýnileika. Það er þráin sem er gerð tortryggileg, áhersla á öfuguggahátt og skömm á ósjálfráðu líkamlegu kærleikspeli, það er bannið við því að tjá ást sína, það er að neita manneskju um fulla siðferðilega borgaravítund í samfélaginu af því hún er það sem hún er (. . .)“.

Alsie Sachs, dómarar við Stjórnar-
skrárdómstól Suður-Afríku 1998.¹⁵

Mesti vandinn sem „hinsegin“ ungmenni standa frammi fyrir er annars vegar mismunun af hálfu ókunnugra, þ.e. ofbeldi, áreitni og það að vera synjað um þjónustu (oft er þeim vísað út af veitingastöðum). Hins vegar skapast oft erfiðleikar gagnvart fjölskyldu og vinum þegar einhver „kemur út úr skápnunum“. Hjá mörgum skapar þetta mjög alvarlega erfiðleika og fjöldi ungmenna þorir ekki að taka þetta skref af ótta við höfnun. Í skólanum getur mikill þrýstingur frá félögnum gert þessu unga fólki erfitt fyrir.



Ættu samkynhneigð pör að geta gengið í hjónaband?

Ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir ofsóknum og mismunun hommahatara. Oft glíma þessi ungmenni við sektartilfinningu og erfiðar spurningar um kynhneigð sína og þau óttast höfnun og misskilning.

Hin neikvæða „svörun“ sem þau fá verður til þess að þau verða bæði ósátt við eigin persónu og samfélagið. Auk þess veldur ofbeldi og misnotkun þunglyndi meðal margra og leiðir stundum til sjálfsvígs.

Trúarleg mismunun

Í Evrópu er fjölbreytileiki meðal manna oft augljósastur þegar kemur að trúarbrögðum. Flestir Evrópubúar eru kristinnar trúar þótt þeir iðki ekki trú sína, en innan þessa stóra hóps leynist oft mikill fjölbreytileiki. Mikil sundrung hefur ríkt í Evrópu vegna deilna milli kaþólskra manna og mótmælenda, og þar áður milli kaþólskra manna og rétttrúnaðarmanna í Austur-Evrópu. Innan trúfélaga eru ýmsir hópar sem greinir á um atriði sem leikmenn sjá ekki, en skipta sköpum fyrir þá sem á þau trúa.

Enda þótt kristnir minnihlutahópar séu til víða í Evrópu hafa þeir í aldanna rás orðið (og verða sums staðar enn) fyrir mismunun. Trú þeirra eða kirkja er ekki „viðurkennd“ og nýtur ekki sömu virðingar og réttinda (t.d. hvað varðar menntun) og hin „opinbera“ eða ríkjandi kirkja.

Það er að hluta til vegna Evrópusamstarfs og samþættingar sem mismunurinn milli kristinna trúfélaga hefur orðið lítilvægari í félagslegu og pólitísku samhengi. Sumir hugsjónamenn og stjórnámálamenn telja að kristin trú ætti að vera grundvöllur evrópsks samfélags, en það væri óráðlegt því að þar með væru virtar að vettugi milljónir Evrópubúa sem eru ekki trúaðir, og auðvitað einnig þeir sem ekki eru kristinnar trúar.



Hvaða litlu trúfélög er að finna þar sem þú býrð? Hvar er samkomustaður þeirra?

Af öðrum trúarbrögðum en kristinni trú er það ef til vill gyðingdómurinn sem hefur sætt mestu misrétti í Evrópu í aldanna rás. Eftir að gyðingum var vísað brott frá Spáni og Portúgal á 15. öld voru þeir sem eftir sátu til dæmis þvingaðir til að játa aðra trú eða neyddir til að iðka trú sína í leyni og hætta þar með lífi sínu. Misskilningur og fordómar sem tengdust gyðingatrú áttu vissulega sinn þátt í að kynda undir gyðingahatri. Þetta hefur einnig verið notað í aldanna rás til að réttlæta misrétti og einangrun gyðinga og það hefur eflaust átt sinn þátt í hlutleysi manna gagnvart helförinni í sumum kristnum samfélögum.

Önnur mikilvæg trúfélög minnihlutahópa í Evrópu eru t.d. trúfélög hindúa, búddatrúarmanna, baháa, rastafariana og síka. Þessir hópar geta orðið fyrir ýmiss konar mismunun eftir löndum. Algengt er að trúarleg mismunun tengist kynþáttafordómum.

Múslímahatur

Íslam er útbreiddasta trúin í Evrópu, fyrir utan kristna trú. Á sumum landsvæðum Balkanskagans og í Kákasus er hún ríkjandi meðal meirihlutans og múslímar eru næststærsti trúflokkurinn í Frakklandi, Þýskalandi og fjölda annarra landa, bæði vestrænna og austrænna.

Kastljósið sem beindist að múslímum um allan heim eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandarík-in árið 2001 sýnir hve samfélagstengsl okkar og umburðarlyndi er í raun byggt á veikum grunni. Múslímar sem búsettir eru á Vesturlöndum undruðust að fólk sem þeir töldu vera vini

Í síðari heimstyrjöldinni voru Vottar Jehóva sendir í fangabúðir vegna þess að þeir neituðu að gegna herþjónustu í þýska hernum.

Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, grein 9.1.

sína, nágranna og meðborgara, gæti skyndilega snúist gegn þeim og kennt þeim um árásina á World Trade Center og jafnvel ráðist í hefndarskyni á saklaust fólk, karla, konur og börn. Sérstökum áhyggjum veldur að bæði í Bandaríkjunum og Evrópu hefur verið ráðist á konur sem ganga með höfuðslæður.

? Hvaða augum lítur þú íslam?

Múslímahatur, sem felur í raun í sér ótta við íslam, múslíma og málefni sem tengjast þeim, er ekki nýtt af nálinni. Það á rætur að rekja til ævagamalla fordóma sem nýlega hafa verið rifjaðir upp vegna þeirra skelfilegu áhrifa sem þeir hafa á líf múslíma, einkum þeirra sem búa í minnihlutasamfélögum.

Ástandið nú má rekja til mikilla og djúpstæðra fordóma gagnvart íslam í flestum ríkjum Evrópu. Þeir koma yfirleitt fram í því að íslam er ekki opinberlega viðurkennt sem trúarbrögð, ekki er veitt leyfi til að reisa moskur/bænahús og trúarhópum eða samfélögum múslíma er ekki veitt nein aðstaða eða stuðningur.

Vanþekking er meginástæða múslímahaturs. Íslam er oft ekki tengt öðru en hryðjuverkum og ofstæki. En þetta eru í raun trúarbrögð sem boða umburðarlyndi, samstöðu og náunga-kærleik eins og flest önnur trúarbrögð.

? Hvað er hægt að gera til að auka þekkingu og skilning á öðrum trúarbrögðum í skólum eða félagsamtökum?

Meðal algengustu fordómanna í garð íslams er að það samræmist ekki mannréttindum. Þessa fordóma má rekja til ástandsins í þeim löndum þar sem íslam er ríkjandi, fyrst og fremst arabalanda. Sem dæmi nefna menn skort á lýðræði og fjölda mannréttindabrota. Fordómarnir felast í því að kenna trúarbrögðunum eingöngu um þetta ástand þegar flest ríkin sem um ræðir eru í raun og veru ólýðræðisleg. Ef litið er til kristinna landa væri þetta eins og að kenna t.d. kristinni trú um einræðið sem áður ríkti í Portúgal, á Spáni eða í Grikklandi, og draga síðan þá ályktun að kristin trú samræmist ekki mannréttindum og lýðræði.

Ungt fólk er oft áreitt fyrir að sýna að það aðhyllist íslam. Í sumum löndum hefur stúlkum verið bannað að vera með höfuðslæður í skólum.

Lagarammi

Fjöldi alþjóðlegra og svæðisbundinna sáttmála fjalla annaðhvort almennt um misrétti eða um tiltekið misrétti. Meðal sáttmála sem Sameinuðu þjóðirnar standa að eru:

- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (1948)
- Alþjóðasamningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis (1965)
- Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979)
- Samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (nr. 169) um frumbyggja- og ættbálkahópa í sjálfstæðum ríkjum (1989).

Samningur um vernd og réttindi farandverkamanna (1990)

Samningur um réttindi einstaklinga með fötlun (2006)

Auk Mannréttindasáttmála Evrópu hefur Evrópuráðið náð mikilvægum áföngum á undanföllum árum, einkum með:

- Sáttmála Evrópu um svæðisbundin- eða minnihlutatungumál (1992)
- Samningnum um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum (1992)
- Rammasamningnum um verndun þjóðarbrot (1995)
- Samningi um aðgerðir gegn mannsali (2005)

Nánari upplýsingar

Um kynþáttafordóma og mismunun

- Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, www.coe.int/ecri
- La Ligue Internationale contre le Racisme et l'Antisémitisme (LICRA), Frakklandi, www.licra.org
- SOS Racisme (Frakklandi), www.sos-racisme.org
- UNITED for Intercultural Action – Evrópusamtökin gegn þjóðernisstefnu, rasisma og fasisma, og til stuðnings innflytjendum og flóttamönnum, www.xs4all.nl/~united
- Evrópusamtökin gegn kynþáttafordómum (The European network against racism) www.enar-eu.org
- Netmiðstöðin gegn kynþáttafordómum í Evrópu (The Internet Anti-racism Centre in Europe), www.icare.to
- Evrópska eftirlitsmiðstöðin með kynþáttafordómum og útlendingahatri (The European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia - EUMC), www.eumc.eu.int
- Minnihlutahópar í Evrópu (Minorities of Europe - MoE), www.moe-online.com
- Ungur konur í minnihlutahópum (Young Women from Minorities - WFM), www.wfmonline.org

Um Rómafólkið

- Mannréttindamiðstöð Rómafólksins í Evrópu (The European Roma Rights Centre - ERRC), www.errc.org
- Alþjóðasamtök Rómafólksins (The International Romani Union)
- Samtök Rómafólks (Spáni), www.unionromani.org
- Patrín Web Journal, www.geocities.com/Paris/5121/patrin.htm

Um fólk með fötlun

- Rannsóknarsetur um málefni fatlaðra (The World Institute on Disability - WID), www.wid.org
- Evrópusamtök fatlaðra (The European Disability Forum), www.edf-feph.org

Um innflytjendur og flóttamenn

- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna: www.unhcr.ch
- Vefgátt til að efla og vernda réttindi innflytjenda, www.december18.net
- Association des Travailleurs Magrébins en France, www.atmf.org
- SOLIDAR, www.solidar.org
- Evrópunefndin um málefni flóttamanna og útlaga, www.ecre.org

Um trúarbrögð

- Heimasíða Sameinuðu þjóðanna um trúarbrögð, www.uri.org
- Bahá'í Faith (heimasíða Bahá'í World), www.bahai.org
- On Islam - vefsvæði verkefnisins „Íslam 21“, www.islam21.net
- Vettvangur gegn múslimahatri og kynþáttafordómum (Bretland), www.fairuk.org
- Heimasíða síka, www.sikhs.org
- Heimasíða hindúa, www.hindu.org
- Alkirkjuráðið, www.wcc-coe.org

- Kaþólska kirkjan – heimasíða Vatikansins, www.vatican.va
- Rétttrúnaðarkirkjur Austur-Evrópu, www.orthodoxinfo.com
- Rússneska rétttrúnaðarkirkjan, www.russian-orthodox-church.org.ru
- Shamash: Upplýsingar og umræður um gyðingdóm á Netinu, <http://shamash.org/about.shtml>

Um gyðingahatur

- Gyðinga- og útlendingahatur í samtímanum, www.axt.org.uk
- Samtök gegn ófrægingu gyðinga (The Anti-Defamation League), www.adl.org
- Heimsping gyðinga (The World Jewish Congress): www.wjc.org.il

Um homma og lesbíur

- Alþjóðasamtök homma og lesbía (The International Lesbian and Gay Association), www.ilga.org
- Stofnun um málefni homma og lesbía (The Institute for Lesbian and Gay Strategic Studies), www.iglss.org
- Upplýsingar um kynhneigð og fordóma („Facts on sexual orientation and sexual prejudice“), <http://psychology.ucdavis.edu/rainbow>
- Alþjóðleg nema- og ungmennasamtök homma, lesbía, tvíkynhneigðra og transgender fólks (International Gay, Lesbian, Bisexual, Transgender and Over Youth and Student Organisation, IGLYO)

Heimildir

- Alaux, J.P., Bach, J., Benot, Y., et Al., Égalité sans frontière: les immigrés ne sont pas une marchandise, Les notes de la Fondation Copernic, Haut Conseil de la Coopération Internationale, Éditions Syllepsis, Paris, 2001.
- Brander, P., Cardenas, C., Gomes, R., Vicente Abad, J., Taylor, M., Education pack “all different - all equal”, Council of Europe European Youth Centre, Strassburg, 1995.
- Crimes of Hate, Conspiracy of silence, Amnesty International, London 2001.
- Liégeois, J-P, Roma, Gypsies, travellers, Council of Europe Press, Strassburg, 1994.

- Ohana, Y., Participation and citizenship - Training for minority youth projects in Europe, (ed.), Council of Europe Publishing, 1998.
- Patrin Web Journal.
- Symonides, J., Ed., “The struggle against discrimination”, A collection of international instruments adopted by the United Nations System, Unesco, Paris, 1996.
- Taguieff, P.-A., La force du préjugé, Gallimard, Paris, 1987.
- “Xenophobia in a European context”, Mind and human interaction, Vol. 9, No.1, University of Virginia, 2001.

